

# Jón Indíafari

Bloggsíða Jóns Indíafara um málefni sem tengjast samfélagi og menningu.

Thursday, May 15, 2014

## Ævintýraferð til Suður-Ameríku 2017 (Perú og Argentína)

### Ævintýraferð til Suður-Ameríku 2017 (Perú og Argentína)

#### Verð

U.þ.b. 693 þús. krónur miðað við gengi USD 126.

Fjöldi þátttakenda: 60.

Þjófnefni: u.þ.b. 5.5 USD dollar á dag en hægt er að greiða í innlendum gjaldmiðli.

Innfalið: Öll flug, innanlands og millilandaflug, allar ferðir (í Perú), matur skv. dagskrá, hótél, aðgangseyrir inn á söfn, fararstjórn innfæddra, áritunarkostnaður.

Ekki innfalið: Þær máltíðir sem ekki er minnst á í dagskrá, drykkir, þjófnefni og valkvæðar ferðir í Argentínu.

## Dagskrá

(ath. einstakir atburðir í dagskrá geta tekið einhverjum breytingum)

#### Dagur 1 - Amsterdam (6. apríl):

Flug með Icelandair (FI 500), kl. 7.40 um morguninn til Amsterdam.

Gist eina nótt á [Crowne Plaza Amsterdam Schiphol Hotel](#) (4\*)

(morgunmatur innifalinn).

Frjáls tími í Amsterdam.

#### Dagur 2 - Líma (7. apríl):

Lagt af stað kl. 9 út á flugvöll.

Flug með KLM (KL 743) til Líma kl. 12.35. Lent í Líma kl. 18.10. Akstur frá flugvelli að hóteli og innritun á hótél. Komið upp á hótél um kl. 22. Drykkur að hætti innfæddra og kvöldmatur á hóteli.

Gisting: Allpa Miraflores



Jón Indíafari

[Posts](#)



[All Comments](#)



About Me



Jón Indíafari

[View my complete profile](#)

Followers

Seguidores (1)



[Seguir](#)

Eldri blogg færslur

▼ 2014 (1)

▼ 05/11 - 05/18 (1)

[Ævintýraferð til Suður-Ameríku 2017 \(Perú og Argen...](#)

**Dagur 3 - Líma (8. apríl):**

Morgunverðarhlaðborð (er opið frá kl. 6.30 til 10)

Lagt af stað kl. 10 um morguninn.

HÁLFSDAGS SKOÐUNARFERÐ UM BORGINA OG HEIMSÓKN Í LARCO SAFNIÐ.

Heimsækjum miðborg Lima sem geymir byggingar frá nýlendutímanum, skoðum okkur um á aðaltorgi borgarinnar (Plaza Mayor) þar sem er forsetahöllin, dómkirkjan, ráðhúsið o.fl. Förum þá að kirkju heilags Domingo og klaustri, sem eru byggingar frá 17.öld og eru á heimsminjaskrá UNESCO. Þaðan liggur leiðin í hverfi sem kennt er við heilagan Isidórus og túrinn endar í merkasta safni landsins, Larco safninu en þar eru geymdar minjar um sögu lands og þjóðar í fimm þúsund ár.

Hádegisverður á Larco safninu sem er glæsilegur veitingastaður í fallegum skrudgarði. Þar snæðum við þriggja rétta máltíð. Fordrykkur á undan.

Komið aftur upp á hótél kl. 15.30. Frjáls tími til kl. 18. Þá verður farið í rútu í mikinn "gosbrunnagarð" þar sem við munum sjá mikla vatna- og ljósasýningu.

Kvöldverður á glæsilegum veitingastað, [La tiendecita Blanca](#) í námunda við hótelið. Þar verður boðið upp á þriggja rétta máltíð með fordrykk.

Gisting: Allpa Miraflores

**Dagur 4 - Líma (9. apríl):**

Morgunverðarhlaðborð.

Frjáls dagur í Líma. Hægt er að gang um Miraflores-hverfið þar sem mikið er af búðum, veitingastöðum og kaffihúsum. Einnig er hægt að fara á nálægan Inka-markað.

Kl. 19.30 förum við svo saman frá hótelinu á veitingastaðinn La Dama Juana en þar verður jafnframt boðið upp á þjóðdansasýningu. Hlaðborð og fordrykkur.

**Dagur 5 - Líma og Cusco (10. apríl):**

Morgunverðarhlaðborð.

Snemma um morguninn verður ekið til flugvallar og flogið til borgarinnar Cusco (um klukkutíma flug). Frá flugvelli er ekið að hóteli. Hádegisverður verður á hótelinu. Þetta er hvíldardagur til að aðlagast hæðinni ([háfjallaveiki](#)), en þarna erum við í um 3400 m yfir sjávarmáli.

Kvöldverður á Tunupa veitingastaðnum þar sem við munum fylgjast með þjóðdönsum og hlusta á tónlist innfæddra. Lagt af stað frá hóteli kl. 19.

Gisting: [San Augustin El Dorado](#).

**Dagur 6 - Cusco (11. apríl):**

Morgunverðarhlaðborð.

Lagt af stað frá hóteli kl. 9.

Skoðunarferð um Urubamba dalinn - hinn helgi dalur Inkanna.

Ekið um Urubamba dalinn, sem á tímum Inkanna var talinn heilagur. Fyrst munum við fara til Coricancha, þar sem er "Hof sólarinnar" sem mun hafa verið reist á 15. öld og svo breytt í klaustur

(Heilags Dóminikusar) á tíma Spánverjanna. Þá er haldið í dómkirkjuna sem þykir glæsilegt mannvirki um spánskan nýlendustíl. Þá er haldið til fornleifanna í Oengo og loks að "Rauða virkinu" sem Inkarnir reistu á öldum áður.

Hádegisverður í dalnum.

Komið heim kl. 17.30.

Kvöldverður verður svo á góðum veitingastað í Cusco (La Retama). Lagt af stað frá hóteli kl. 19.

Gisting: **San Augustin El Dorado**.



## Dagur 7 - Cusco (12. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Akstur til lestarstöðvarinnar í Urubamba (u.þ.b. 2 tíma akstur). Lagt af stað kl. 6 um morguninn. Þaðan verður farið í lest til Aguas Calientes (u.þ.b. 1 1/2 klst). Síðan í litlum rútum upp að Machu Picchu. Hápunktur ferðinnar í Perú og mun flestum verða ógleymanleg. Við skoðum rústir borgarinnar og njótum útsýnisins. Við snúum til baka til Aguas Calientes en þar verður fram borinn hádegisverður á El Mapi hótelinu.

Kvöldverður á hóteli.

Gisting: El Mapi í Aguas Calientes.



## Dagur 8 - Cusco (13. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Valkvætt: Gönguferð á Huayna Picchu (2720 m hæð - um 360 m ganga upp á við frá Machu Picchu) eða hvíld um morguninn.

Lagt verður af stað frá hóteli kl. 5.30 um morguninn og hefst gangan kl. 7. Þetta er erfið ganga og hvetjum einungis þá sem eru í góðu líkamlegu formi til þátttöku. Hafa jafnframt í huga að þarna erum við í mikilli hæð og því er þol manna minna en ella. Fjallið er bratt og í rigningu getur stígurinn orðið sleipur. Komið er aftur til Aguas Calientes kl. 10.30 og þá mun hópurinn allur snæða hádegisverð um kl. 12 (Inkaterra). Eftir það verður farið til Cusco, fyrst með lest og svo með rútu. Komið til Cusco um kl. 19.30.

Kvöldverður á hóteli í Cusco.

Gisting: **San Augustin El Dorado**.

## Dagur 9 - Cusco (14. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Hálfsdags skoðunarferð fyrri hluta dags. Lagt af stað frá hóteli kl. 12. Fyrst verður hádegisverður snæddur og svo verður farið í skoðunarferð um Cusco. Við heimsækjum m.a. Koricanca hofið þar sem innfæddir dýrkuðu sólguðinn Inti. Frá tímum Spánverja stendur þar einnig kirkja dóminikanna, kirkja heilags Domingo sem þykir æðifögur. Þá liggur leiðin á aðaltorgið, en þar gefur að líta Sacsayhuaman virkið sem Inkarnir reistu úr miklum steinblokkum en það er mikið útsýni yfir borgina og næsta hágreppi. Að lokum heimsækjum við búið sem selur ýmiss konar varning og list heimamanna.

Kvöldmat á veitingastaðnum Casa Coricancha.

Gisting: [San Augustin El Dorado](#).

### Dagur 10 - Cusco - Puno (15. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Lagt af stað kl. 7.30.

FERÐALAG FRÁ CUSCO TIL PUNO OG HÁDEGISVERÐUR (u.þ.b. 7 tíma rútuferð). Ekið fagra leið til borgarinnar Puno. Á leiðinni stoppum við í Andahuaylillas, sem geymir afar fagra og mikið skreytta kirkju frá 17. öld. Þaðan höldum við að rústunum í Racchi en þar stóð hof guðsins Wiracocha. Síðasta stop á leiðinni verður svo við La Raya en þar er mesta landhæð á leið okkar og víðsýnt til allra átta. Að loknum akstri komum við svo til Puno og ritum okkur inn á hótél. Komið verður til Puno um kl. 17.

Kvöldverður á hóteli.

Gisting: [Jose Antonio Puno Hotel](#).



### Dagur 11 - Puno - Titicaca vatn (16. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Lagt af stað um morguninn.

Ferð um Titicaca vatn: Taquile eyja og Uros eyjar og hádegisverður. Farið verður frá Puno í átt að Taquile, ca. 35 km. Menning á Taquile nær aftur fyrir Inka-tímann og íbúarnir halda í heiðri menningu og trú feðra sinna og eru frægir fyrir klæðnað sinn, litaglaðan handvefnað. Við snæðum hádegisverð á staðnum og siglum svo til Uros sem er "floteyja" á miðju Titicaca vatni en íbúarnir munu vera afkomendur fornra íbúa svæðisins. Að lokinni ferð verður aftur haldið til hótels. Komið upp á hótél um kl. 16.

Kvöldverður á hóteli.

Gisting: [Jose Antonio Puno Hotel](#).



### Dagur 12 - Puno - Líma (17. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Eftir morgunmat er farið út flugvöll og flogið til Líma (1 1/2 tími). Farið frá flugvelli að hóteli og er þá frjálfs dagur fram að kvöldi, en þá verður slegið upp veislu á staðnum La Rosa Nautica rétt við höfnina en það er glæsilegur viktóriskur staður sem býður upp á bæði rétti innfæddra svo og alþjóðlega matargerð. Fordrykkur að hætti heimamanna.

Gisting: Allpa Miraflores

### Dagur 13 - Líma - Buenos Aires (18. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Farið til flugvallar og flogið til Buenos Aires í Argentínu.

Komið upp á hótél um kl. 20.30.

\*\*Kvöldmat á hóteli frá kl. 21. (ekki innifalið í verði - verð fyrir 3 rétta máltíð 25 USD).

Gisting: [NH 9 de Julio](#).



### Dagur 14 - Buenos Aires (19. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Skoðunarferð um borgina.

Lengd: 4 klst.

Lagt af stað kl. 9.30 / 10.

Farið um borgina með leiðsögn og heimsóttir helstu staðir s.s., Recoleta hverfið, dómkirkjan, ráðhúsið í San Telmo og hið litríka Boca hverfi Ítalanna. Hádegisverður á argentískum veitingastað.

\*\*Tangósýning og kvöldmat. Boðið verður upp á þriggja rétta máltíð með víni og tangó-sýningu. Jafnframt verður boðið upp á stutta tangó-kennslu á staðnum. Lagt af stað kl. 20 frá hóteli. (Greiða þarf aukalega fyrir þetta - USD 100).


Gisting: [NH 9 de Julio](#).

### Dagur 15 - Buenos Aires - Iguazu fossarnir (20. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Lagt af stað um morguninn út á flugvöll. Flug til Iguazu kl. 13.05 og lent þar kl. 14.55. Eftir innritun inn á hótél verður farið að fossunum og þeir skoðaðir. Komið aftur upp á hótél kl. 19. Frjáls tími.

Gisting: Tourbillon



### Dagur 16 - Buenos Aires - Iguazu fossarnir (21. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Frjáls tími fram að brottför frá hóteli um kl. 13.30. Flug til Buenos Aires kl. 15.50. Lent í Buenos Aires kl. 17.45. Komið aftur upp á hótél þar í borg um kl. 19.30.

Frjáls tími um kvöldið.

Gisting: [NH 9 de Julio](#).

### Dagur 17 - Buenos Aires (22. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Frjáls tími yfir daginn.

\*\*Um kvöldið verður boðið upp á argentíska matarupplifun. Þá fáum við tækifæri til að elda og borða saman argentískan mat ásamt því að drekka argentísk vín (Greiða þarf aukalega fyrir þetta 115 USD).

Gisting: [NH 9 de Julio](#).



### Dagur 18 - Buenos Aires (23. apríl):

Frjáls tími þennan dag.

\*\*Kl. 18.30 verður boðið upp á vinsmökkun á 13. hæð hótelsins. Vínþjónn frá hótelinu mun kynna vel valin vín frá Argentínu, m.a. hin frægu Malbec vín (Greiða aukalega fyrir þetta - verð gefið upp síðar).

\*\*Lokakvöldverður á nálægum veitingastað þar sem boðið verður upp á þriggja rétta máltíð. Í aðalrétt er hægt að velja á milli þess að fá argentíska steik eða grænmetisrétt. Innifalið er hálf flaska af góðu argentísku víni. (Verð: 50 USD).

Gisting: [NH 9 de Julio](#).

### Dagur 19 - Buenos Aires - Evrópa (24. apríl):

Morgunverðarhlaðborð.

Farið út á flugvöll og svo flug með KLM (KL 702) til Amsterdam kl. 15.45.

### Dagur 20 - Evrópa - Ísland (25. apríl):

Lent í Amsterdam kl. 10.05. Flug til Keflavíkur með Icelandair (FI 501) kl. 14. Lent á Íslandi kl. 15.10.

Posted by [Jón Indíafari](#) at 4:37 PM    No comments:    [Links to this post](#)    

[Home](#)

Subscribe to: [Posts \(Atom\)](#)

Simple theme. Powered by Blogger.